



## Fundargerð

Fundur í Skipulags-, hafnar- og húsnæðisnefnd  
fimmtudaginn 02.05.19 kl. 15:00.  
Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt voru: Karl Kristjánsson, Jóhanna Ösp Einarasdóttir og Herdís Erna Matthíasdóttir í  
forföllum Ingimars Ingimarssonar. Einnig sat Tryggvi Harðarson sveitarstjóri fundinn og  
ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár: Hann lagði til að tekið yrði á dagskrá „Bréf frá  
Vegagerðinni“ undir önnur mál.  
Samþykkt samhljóða.

**1. Vindorkugarður Garpsdal, matsáætlun - umsögn:**

Lögð fram tillaga að matsáætlun frá Mannviti fyrir hönd EM-Orku vegna  
Vindorkugarðs í Garpsdal.  
*Nefndin gerir engar athugasemdir við áætlunina.*

**2. Aðalslipulag Dalabyggð - umsagnir:**

Lagt fram erindi frá Dalabyggð með beiðni um umsagnir vegna skipulags- og  
matslýsinga vegna vindlunda á Hröðnýjarstöðum og Sóheimum.  
*Nefndin gerir engar athugasemdir við erindin.*

**3. Staða húsnæðismála:** Sveitarstjóri fór yfir stöðu mála og framkvæmda.

**4. Hafnarmál - Flatey:** Sveitarstjóri lagði fram lista yfir fyrirhugaðar komur  
skemmtiferðaskipa til Flateyjar. Byrjað er rukka hafnargjöld fyrir Flateyjarhöfn  
samkvæmt gjaldskrá.

**5. Erindi frá OV - Flatey:** Sveitarstjóri fór yfir stöðu samskipta við OV varðandi  
orkumál í Flatey.

**6. Önnur mál:**

- a) Bréf frá Vegagerðinni:** Lagt fram bréf frá Vegagerðinni varðandi auglýsingu  
á aðalskipulagi vegna Vestfjarðavegar (60).  
Jóhanna Ösp Einarasdóttir lagði fram svohljóðandi bókun:  
„Skipulags-, húsnæðis- og hafnarnefnd leggur fram þá tillögu við sveitarstjórn  
að taka skref til baka og vinna tillögu til auglýsingar með Landmótun eins og  
hún var lögð fram í apríl 2018 með viðauka gögnum frá Alta sem fram hafa  
komið eftir það.

Jafnframt telur undirrituð það málinu til framdráttar að taka þetta skref til  
baka og leggur áherslu á mikilvægi þess að vinna auglýsinguna um breytingu á  
aðalskipulagi í góðri samvinnu við Vegagerðina.

Einnig óskar undirrituð eftir því að samstarf við VSÓ ráðgjöf verði tekið upp aftur til ráðgjafar í þessu ferli.“

Karl Kristjánsson leggur til að óskað verði eftir fundi með Skipulagsstofnun til að fara yfir vinnuferlið um breytingu á Aðalskipulagi Reykhóla í framhaldi af bréfi Vegagerðarinnar.

Tillögunum vísað til sveitarstjórnar.

Fleira ekki gert og  
fundi slitið kl. 15.50

---

---

---

---